

Alþingi  
Erindi nr. P 131/494  
komudagur. 6.12.2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2004.

**Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti. 131. löggjafarþing 2004-2005. Þskj. 34 – 34. mál.**

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Í athugasemdum greinargerðar sem fylgir frumvarpinu segir að það sé lagt fram með það að markmiði að bæta löggjöfina sem mótar íslenskt viðskiptalíf með tilliti til hagsmuna smærri fjárfesta. Með það fyrir augum eru settar fram tillögur um (a) að skylt verði að taka tillit til nánar afmarkaðra tengsla, m.a. fjölskyldutengsla, við ákvörðun á því hvort myndast hefur skylda til að gera yfirtökutilboð samkvæmt VI. kafla laganna, og (b) að verð yfirtökutilboðs skuli ákvarðað af dómkvöddum matsmönnum í þeim tilvikum sem takmörkuð viðskipti hafa verið með hlutabréf í því félagi sem tilboðið lýtur að.

Laganefndin telur afar ólíklegt að frumvarpið sé til þess fallið að ná því markmiði sem að er stefnt, þ.e. að vernda hagsmuni smærri fjárfesta. Má í því sambandi fyrst benda á að það aðhald sem felst í hugsanlegum yfirtökum félaga, þ.e. færslu yfirráða í félagi milli hluthafa, eru almennt til þess fallnar að bæta hag fjárfesta, hvort heldur sem er stórra eða smárra. Að mati laganefndarinnar er mikilvægt að þetta sjónarmið sé haft ríkulega í huga þegar sett er löggjöf á þessu sviði. Hætt er við að óvissa sem óhjákvæmilega fylgdi því að dómkvaddir matsmenn ákvörðuðu verð í yfirtökutilboðum gerði það að verkum að yfirtökum fækkaði frá því sem nú er. Að mati laganefndarinnar yrði það til tjóns fyrir alla hluthafa, stærri jafnt sem smærri, svo og íslenskan fjármálamarkað. Í annan stað getur laganefndin ekki tekið undir að löggjafinn marki þá stefnu að þau eignatengsl sem frumvarpið tekur til eða fjölskyldubönd ráði úrslitum um það hvort til yfirtökutilboðsskyldu stofnist eða ekki. Það er hvorki sjálfgefið að slík eignatengsl eða skyldleikar geri það að verkum að stjórnunarþræðir í félögum færast á sömu hendi, né heldur er það sjálfgefið einstaklingur eða lögpersóna hafi nokkuð um ráðstafanir „skyldra aðila“ að segja.

Í ljósi framangreinds leggst laganefndin gegn því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður